



SJÁLFBÆRNI – ÁSKORANIR Á ÖLD FERÐALANGSINS

**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á Ferðamálaþingi
Reykjavík
4. október 2017**

Framkvæmdastjóri ferðamálastofnunar Sameinuðu þjóðanna,
ferðamálastjóri,
aðrir góðir gestir

Undanfarin ár höfum við Íslendingar fylgst með stórkostlegum vexti ferðaþjónustunnar hér á landi. Hvert einasta ár hafa met verið slegin, hvert einasta ár hefur ferðamönnum fjölgað meir en flestar spár gerðu ráð fyrir – og í hvert einasta skipti sem maður flýgur til útlanda virðist ný álma vera komin í Leifsstöð, nýir og lengri gangar, fleiri rampar og flugfélög.

Árið 1967, fyrir hálfri öld, komu tæplega fjörutíu þúsund ferðamenn til Íslands. Árið 2007, fyrir áratug, nálgudust þeir fimm hundruð þúsund. Í ár verða þeir líklega um tvær milljónir, gestirnir sem sækja okkur heim. Ferðaþjónustan er orðin hlutskarpari í þjóðarbúskapnum en útvegurinn. Að vísu er áætlaður þorskaflí ársins rúm 250.000 tonn en samanlagt vægi ferðamanna aðeins um 24.000 tonn, hafi mér reiknast rétt til. En þá er þess að geta að hver ferðamaður skilar mun meiri tekjum en þorskurinn, þótt góður sé.

Þessi hraði vöxtur ferðaþjónustunnar er með ólíkindum; erfitt er að finna sambærileg dæmi í nýliðinni sögu okkar. Það sem helst kemur í hugann er síldarævintýrið mikla á sjöunda áratug síðustu aldar. Þá mokuðum við síldinni í gúanó af miklum móð – þar til hún hvarf nær alveg. Ofveiði og andvaraleysi gerði næstum út af við þá auðlind, þótt aðrir þættir hafi einnig ráðið miklu um þær sorglegu lyktir. Og svo höfum við auðvitað annað og nærtækt vaxtarskeið, hinn hraða uppgang bankanna fyrstu ár þessarar aldar. Þá risu öll línurit hratt til himins, hagtölur fóru í sömu átt og flestir leyfðu sér að horfa björtum augum til framtíðar. Hinir efagjörnu voru í minnihluta, sagðir úrtölufólk sem skildi ekki íslenska efnahagsundrið. En svo hrundi allt.

Sem betur fer blæs byrlegar nú um stundir. Því ráða ekki síst þær miklu tekjur sem ferðamannastraumurinn færir okkur. Er þá eitthvað að óttast? Þegar ég ræði við erlenda gesti gantast ég gjarnan með það að vilji þeir skilja okkur Íslendinga, hugsun okkar og atferli, þurfi þeir bara að læra eitt lítið hugtak; eitt lítið hugtak sem fangi heila þjóðarsál. Hér er um að ræða viðkvæðið góða: „Þetta reddast.“ Og þetta segir maður með bros á vör, bætandi við að þessi þankagangur okkar – að hafa ekki of miklar áhyggjur af því hvernig fer, vera ekki að plana of mikið – geti vissulega komið okkur í vandræði en það skipti ekki svo miklu því að hann komi okkur út úr þeim aftur.

„Þetta reddast.“ Það leiðarljós varð kannski til þess að á einum stað úti á landi var hafist handa við byggingu hótels en ekki gætt að því að vatnsveita á staðnum dugði hvergi nærri. Í sumar heyrði ég líka sögu af fararstjóra sem hafði ekki hugleitt að þótt hann væri með 30 manna hóp héðan og þaðan væri ekki hægt að skipa þeim kátum og sáttum í 15 tveggja manna herbergi á gististaðnum.

Kæru vinir: Eru þetta samt ekki undantekningar? Er það ekki svo að innan ferðapjónustunnar gera sífellt fleiri sér grein fyrir mikilvægi þess að einblína ekki aðeins á vöxt og gróða, gera ekki í blindni ráð fyrir að góðu ári fylgi enn betra ár, og fari svo að vertíðin bregðist þá reddist það bara einhvern veginn. Þannig minni ég á það frumkvæði Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð og Íslenska ferðaklasans að fá fyrirtæki til að gangast undir skilmála um ábyrga ferðapjónustu; ganga vel um og virða náttúruna, tryggja öryggi gesta okkar og koma fram við þá af háttvísi, virða réttindi starfsfólks og hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið. Nú þegar hafa yfir 300 fyrirtæki lofað að hafa þessi gildi í heiðri. Einnig má vitna í síðustu ársskýrslu Ferðamálastofu, þau sjónarmið að uppgangi ferðapjónustunnar fylgi „ærin og margbreytileg verkefni“ og atvinnugreinin verði að dafna „í sátt við umhverfi og samfélag“.

Þetta eru orð að sönnu, og ekki er síður vert að minnast þess að Sameinuðu þjóðirnar tileinkuðu árið í ár sjálfbærri ferðapjónustu og efnahagslegri þróun. Framkvæmdastjóri Ferðamálastofnunar Sameinuðu þjóðanna er gestur okkar hér í dag. Fyrir skemmstu var sérstakur ráðgjafi hans hér á landi og sagði meðal annars að við Íslendingar þyrftum að leita svara við þessari spurningu: „Hvernig nýtum við tækifærið fyrir vöxt og deilum hagnaðinum um allt land og með allri þjóðinni svo að allir njóti góðs af, og engum finnist sem svo að hann sé að glata heimili sínu vegna komu ferðamanna?“

Við í þessum sal vitum af þeim áskorunum sem við er að etja. Náttúruperlur láta á sjá þegar mjög margir vilja njóta þeirra. Leggja þarf göngustúga, vegir anna ekki umferð og bílastæði vantar, að ekki sé minnst á salerni. Og hver á að borga, hvar og með hvaða hætti? Sums staðar er fólk farið að amast við ferðafólki og þeim ágangi sem því fylgir. Sumir ferðamenn verða fyrir vonbrigðum með Íslandsdvöl sem reyndist ekki eins ánægjuleg og til stóð.

Allt þetta þarf að ræða, þetta reddast ekki bara einhvern tímann seinna. En þrátt fyrir allt er heildarmyndin skýr, og framtíðarsýnin getur svo hæglega verið fögur: Við búum í friðsælu og fallegu landi sem fólk vill heimsækja. Flestum sem hingað koma þykja við góðir gestgjafar. Við skulum endilega telja okkur til tekna að vera djörf, hugsa í lausnum og bregðast snarlega við þegar þess þarf með, en gerum ekki agaleysi og tómlæti að einhverjum sígildum dyggðum. Munum frá síldarárunum að svipull er sjávarafli, og frá árunum fyrir hrun að dramb er falli næst. Og munum líka að í sagnaarfi okkar koma orðin „þetta reddast“ hvergi fyrir. Í hinum fornu sögum okkar og máli er fyrirhyggja aftur á móti í hávegum höfð: „Kapp er best með forsjá,“ segjum við stundum, „Vel skal vanda það sem lengi á að standa“ og fleira í þeim dúr.

Ágætu ráðstefnugestir: Í mínu embætti fæ ég bréf og tölvupósta frá ferðalöngum sem heimsótt hafa Ísland. Nær alltaf er landið lofað og prísað. Stundum finnur fólk sig þó knúið til að finna að ýmsu; í stað friðsællar náttúru hafi blasað við rúta eftir rútu og verðlagið tekið út yfir allan þjófabálk. En svo eru auðvitað alltaf einhverjir sem gera allt að umkvörtunarefni – gott ef það var ekki eitthvert bank í ofnunum og hvað ætlar forsetinn að gera í því?!

Ég reyni að svara því sem að mér er beint. Þessi ráðstefna sýnir að þið gerið ykkur líka grein fyrir ykkar áskorunum, ábyrgð og skyldu. Gangi ykkur vel, landi og þjóð til heilla, og þeim fjölmörgu sem hingað vilja koma.